

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 20. febrúar 2020 eftirfarandi deiliskipulag:

#### *Nýtt deiliskipulag Lundahverfis.*

Deiliskipulagið nær yfir Lundahverfi, sem byggðist að mestu upp á árunum 1967 til 1975. Á svæðinu eru 218 íbúðir, að mestu einbýlis- og raðhús. Innan svæðisins er einnig leikskólinn Lundaból, tvö leiksvæði og þúttvöllur. Deiliskipulagið gerir m.a. ráð fyrir stækkuðum byggingarreit við raðhús í Reynilundi 11-17 fyrir viðbyggingar.

Við gildistöku þessa nýja deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag þúttvallar við Vífilsstaðaveg sem er nú innan deiliskipulagssvæðis Lundahverfis.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 20. febrúar 2020 eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

#### *Njarðargrund og Ægisgrund, breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda.*

Tillagan gerir ráð fyrir skólalóð við Njarðargrund sem liggur að Hraunsholtslæk. Þar má reisa allt að 1.600 m<sup>2</sup> skólabyggingu á tveimur hæðum. Lögum og stærðir óbyggðra einbýlishúslóða við Ægisgrund breytast. Tillagan hlaut málsmeðferð samhliða tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem náði til sama svæðis og hefur nú hefur verið staðfest.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsstjóri Garðabæjar, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsstjóra í viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar, þann 10. mars 2020 eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

#### *Víkurgata 27, óveruleg breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, vesturhluta.*

Breytingin gerir ráð fyrir stækkun á byggingarreit fyrir geymslur utan byggingarreits á bak við stoðvegg.

#### *Markarflöt 51, óveruleg breyting á deiliskipulagi Flata.*

Breytingin gerir ráð fyrir stækkuðum byggingarreit á baklóð fyrir viðbyggingu.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafi hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 5. maí 2020.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.